



Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 2	Áfangalýsing FRAN1AB05	

Búið til – útg.	22. sept 2016
Námsgrein	Franska
Titill	Franska 2 fyrir grunn notanda - b
Skammstöfun	FRAN1AB05
Viðfangsefni	Evrópski tungumálaramminn, framhald, stig a1
Staða áfanga	Sampykkt af skóla
Prep áfanga	1
Einingafjöldi áfanga	5
Lýsing áfanga	<p>Byggt er markvisst á þeirri kunnáttu sem nemendur hafa nú þegar tileinkað sér. Unnið er áfram með undirstöðuatriði tungumálsins. Haldið er áfram að þjálfa nemendur jöfnum höndum í öllum færniþáttum tungumálsins, hlustun, lestri, samskiptum, frásögn og ritun í samræmi við evrópska tungumálarammann. Áhersla er áfram á framburð, aukningu orðaforða og unnið er með aðeins flóknari formgerð frönskunnar. Nemendur kynnast enn betur franskri menningu og menningu annarra frönskumælandi landa. Áhersla er á einstaklingsmiðað nám, meira frumkvæði nemenda og að þeir fylgist í sífellu með framvindu náms síns og framförum í námi samræmi við evrópska tungumálamöppu. Áhersla er á að nemendur geti notað frönskukunnáttu sína við ýmsar algengar aðstæður í daglega lífinu.</p>
Forkröfur áfanga	FRAN1AA05
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfnimiðum áfangans • helstu grundvallarþáttum franskrrar tungu • ýmsum aðstæðum í daglegu lífi, menningu og siðum í Frakklandi og öðrum frönskumælandi löndum • mismun á töluðu og rituðu máli og mismunandi notkun tungumálsins í daglegum samskiptum
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019	Áfangalýsing FRAN1AB05	
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 2 af 2		

	<ul style="list-style-type: none"> greina talað mál um kunnugleg efni úr daglegu lífi og fylgt einföldum fyrirmælum þegar talað er hægt og skýrt lesa og greina texta sem innihalda algengan orðaforða um kunnugleg efni, áhugasvið nemanda og ýmis hagnýt skilaboð úr daglegu lífi taka þátt í einföldum samræðum og tjá sig um kunnugleg efni tjá sig á einfaldan hátt um tilfinningar og skoðanir og segja frá fólki og málefnum á einfaldan skýran hátt með viðeigandi orðaforða, málvenjum og framburði bæði í nútíð og þátíð skrifa stuttan einfaldan texta í nútíð og þátíð s.s. póstkort, tölvubréf, stuttar leiðarlýsingar afla sér einfaldra upplýsinga í heimildaleit m.a á veraldarvefnum
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> hlusta á og greina frekar einfalt skýrt talað mál um kunnugleg efni og draga viðeigandi ályktanir rökstyðja og bera saman einfaldar setningar, skilaboð eða texta um daglegar athafnir leggja grunn að einföldum samræðum þannig að hann rökstyðji, spyrji og svari einföldum, algengum spurningum um kunnug málefni taka þátt í samræðum á einföldu máli jafnvel þótt nemandi sé ekki fær um að halda samræðum gangandi sjálfur draga ályktanir og nota einföld orðasambönd og setningar til þess að segja frá sjálfum sér og nánasta umhverfi sínu skipuleggja texta og rökstyðja orðaval sitt í skapandi skrifum
Námsmat	<p>Fjölbreytt námsmat endurspeglar markmið áfangans í öllum færniþáttum í samræmi við evrópsku tungumálámöppuna (ETM). Lokaeinkunn byggir á kennara-, sjálfs- og jafningjamati á virkni og verkefnaskilum nemenda, þar sem færniþættirnir lesskilningur, hlustun, tal og ritun, auk málfræði eru metnir.</p>